

SKJALDKIRTISSJÚKDÓMAR

SKJALDVAKABRESTUR ÞEKKTUR FYRIR

MEÐGÖNGU

ICD-10 greining:

E03.9 Skjaldvakabrestur, ótilgreindur

Skjaldkirtilssjúkdómar eru algengir hjá konum á barneignaraldri en starfsemi skjaldkirtils getur m.a. haft áhrif á frjósemi, heilsu móður á meðgöngu og heila- og taugaproska fósturs. Mikilvægt er að tryggja rétta meðferð og eftirfylgd, einkum í upphafi meðgöngu þar sem fóstrið er ekki farið að mynda eigin skjaldkirtilshormón og háð þeim frá móður. Á meðgöngu er aukin þörf fyrir jöð og því mikilvægt að konur fylgi opinberum ráðleggingum um mataræði og jöðgjafa.

Kona sem er með þekktan skjaldvakabrest fyrir meðgöngu og er á lyfjameðferð getur verið í mæðravernd í heilsugæslu.

MEÐFERÐ OG EFTIRLIT Á MEÐGÖNGU

- Lyfjaskammtur er hækkaður um 25% - 50% við staðfesta þungun
- Mæla TSH og fT4 við fyrstu komu í mæðravernd
- Mæla TSH á 4 v. fresti að 20 vikna meðgöngu
- Mæla TSH x 1 á 2. og 3. þriðjungi meðgöngu

Notast er við TSH gildi við stjórnun meðferðar. Meðferðarmarkmið er að hafa TSH < 2.5 mIU/L og yfir neðri viðmiðum fyrir hvern meðgönguþriðjung. Sjá þjónustuhandbók rannsóknarþjónustu.

Við niðurstöður utan viðmiðunarmarka er gerð skammtabreyting á hefðbundinn hátt og TSH og fT4 mælt eftir 4 vikur.

MEÐFERÐ OG EFTIRLIT EFTIR FÆÐINGU

Eftir fæðingu getur konan tekið sömu lyfjaskammta og fyrir meðgöngu. Mælt er með viðtali á heilsugæslu til frekara mats innan 3 mánaða frá fæðingu.

VIÐAUKI EÐLILEG GILDI TSH OG FT4 Á MEÐGÖNGU

Á meðgöngu verða lífeðlisfræðilegar breytingar á starfsemi skjaldkirtils. Framleiðsla T3 og T4 eykst og tilsvandi eykst framleiðsla á bindipróteininu TBG (thyroxin binding globulin). Beta hCG í byrjun meðgöngu getur haft væg áhrif á TSH viðtaka og lækkar þá þéttni skjaldkirtilshormónanna fT3 og fT4 í

blóði tímabundið. Þau áhrif eru mest á 7. -11. viku meðgöngu og þá getur TSH verið mjög lágt og jafnvel ómælanlegt.

Eðlileg gildi fyrir TSH á meðgöngu:

1. þriðjungur: 0,1 - 4 mIU/l
2. þriðjungur: 0,2 - 4 mIU/l
3. þriðjungur: 0,3 - 4 mIU/l

Eðlileg gildi fyrir fT4 á meðgöngu:

1. þriðjungur: 12,1 - 19,6 pmól/l
2. þriðjungur: 9,6 - 17,0 pmól/l
3. þriðjungur: 8,4 - 15,6 pmól/l

Ath. gildin geta verið mismunandi eftir rannsóknarstofum.